

## Lykilstoðir gæða í háskólanámi

Dr. Ragný Þóra Guðjohnsen, dósent og Lóa Guðrún Gísladóttir, aðjunkt  
Deild menntunar og margbreytileika, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Lykilorð — háskólamenntun, gæði náms og kennslu,  
kennsla, kennsluhættir, sýn ólíkra hagaðila**

### I. INNGANGUR

Umræða um gæði háskólanáms hefur aukist vegna aukinnar sóknar eftir menntun og breyttrar sýnar á hlutverk menntunar og kallar það á rannsóknum á gæðum háskólanáms og til hvers þau vísi. Þrátt fyrir ýmis gæðaviðmið eins og alþjóðleg gæðaviðmið á borð við *Bologna yfirlýsinguna* og ESG (2015) sem styðja við og tryggja gæðamenningu og ramma-áætlun Gæðaráðs háskóla (Quality Board, 2017), þá er gæða-hugtakið marglaga og sýn hagaðila á gæði gjarnan ólík og mismunandi skilningur (Valgerður S. Bjarnadóttir o.fl., 2019). Sumir tengja gæði við vinnumarkaðinn og persónulega hæfni á meðan aðrir leggja áherslu á gagnrýna hugsun og félagslega þætti (Dicker o.fl., 2019). Gæði háskólanáms byggja ekki einungis á tæknilegum eða efnahagslegum mælikvörðum heldur einnig á þeim gildum sem eru ríkjandi innan stofnunarinnar, sem móta náms-umhverfi og samskipti kennara og nemenda (Mintz, 2021).

Kennurum þykir jafnan mikilvægt að skapa menningu þar sem gæði eru byggð á sameiginlegum gildum og nálgun, sem styrkir þá bæði til að bregðast við áskorunum og til að styðja betur við nám nemenda (Bendermacher o.fl., 2019). Þeir glíma þó við ýmsar áskoranir tengdar auknu álagi, markaðslegum sjónarmiðum og áherslubreytingar sem geta haft áhrif á lýðræðislegt hlutverk háskóla og skapað vissan þrýsting á kennara með tilheyrandi álagi (Guðmundur Heiðar Frímansson o.fl., 2022; Mintz, 201). Þeir þurfa að samræma væntingar nemenda, viðhalda fræðilegum gæðum og gegna mikilvægu hlutverki í að skapa námssamfélag sem þroskar gagnrýna hugsun.

Þetta erindi beinist að því að varpa ljósi á sýn kennara á eigin kennslu, hvaða lykilstoðir þeir telja skipta mestu fyrir gæði náms og hvaða áskoranir þeir mæta í þeirri viðleitni. Lykilstoðir eru sameiginlegar kennurum, nemendum og stjórnendum.

### II. AÐFERÐ

Framkvæmd var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru fjögur einstaklingsviðtöl við stjórnendur, auk rýnihópaviðtala með níu kennurum og fimmtán nemendum við íslenskan háskóla.

Fyrir þetta erindi voru lögð áhersla í greiningu gagna á kennslu og lykilstoðir sem skipta mestu fyrir gæði náms og kennslu að mati kennara, nemenda og stjórnenda.

### III. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður drógu fram fjórar lykilstoðir sem kennarar, stjórnendur og nemendur álíta mikilvægar fyrir gæði náms og kennslu. Hér verður fjallað um lykilstoðir út frá kennurum.

#### 1) Hagnýt þekking og hæfni

Kennarar nefndu mikilvægi þess að námskeið væru bæði fræðileg og hagnýt, þar sem mikilvægt væri að veita nemendum þau verkfæri sem þeir þurfa á vettvangi. Það þarf þó að hafa jafnvægi á milli hagnýtrar þekkingar og djúprar hugsunar, sem nemendur nýta á vettvangi. Þeir töldu árangursríka leið vera samvinnu allra hagaðila til að tryggja að nemendur útskrifist með þekkingu og hæfni sem nýtist á fjölbreyttum starfsvettvangi (Guðmundur Heiðar Frímansson o.fl., 2022).

#### 2) Skýrar kröfur

Skýrar og samræmdar kröfur voru taldar nauðsynlegar fyrir gæði náms og árangur nemenda. Kennarar töldu að það væri mikilvægt að skapa ramma sem styður við fræðilegan vöxt nemenda og

jafnframt auðvelda þeim að halda jafnvægi milli náms, vinnu og fjölskyldulíf – sem væri mikil áskorun í nútímasamfélagi. Fram kom að ef sveigjanleiki er of mikill gæti það skaðað gæðin ef kröfur væru óskýrar sem samræmist umfjöllun Novakovic (2019). Nemendur sögðu einnig mikilvægt að vita fyrirfram hvaða væntingar væru til þeirra, mikilvægi skipulags og upplýsinga til dæmis í kennsluskrá – til að stuðla að því að þeir gætu sinnt náminu af kostgæfni.

### 3) Vandaðir kennsluhættir

Fjölbreyttir og vandaðir kennsluhættir eru ein af lykilstoðum til að virkja nemendur og bæta gæði náms. Þeir þyrftu að vera nútímalegir og fjölbreyttir, „setja hlutina í heildstætt samhengi - og kalla fram aha [og] úps móment [og] höggva í heimsmynd nemenda“. Áhugi og hvatning kennara skipta máli til helgunar nemenda til náms (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024). Rafræn samskipti og kennslutól, eins og fjarkennsla og fjölbreytt námsmatsform, urðu einkum áberandi eftir COVID-19 (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2020). Sú þróun væri jákvæð að mati kennara, en tæknin væru þó krefjandi, eykur álag og kallar á aukna endurmenntun. Nemendur voru sammála um að þessir nútímalegu kennsluhættir og notkun fjarfundabúnaðar, veittu jafnræði milli stað- og fjarnema, styðja við námssamfélag og auka sveigjanleika. Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir (2022) taka undir þessi orð.

### 4) Góð samskipti og tengsl

Fjórða lykilstoðin er talin ómissandi fyrir gæði náms og kennslu. Kennarar lögðu áherslu á mikilvægi virðingar og trausts. Með góðum samskiptum má efla menntun nemenda; að kennarinn sé hvetjandi og fullur eldmóði sé smitandi að mati nemenda og þá sé aukinn vilji til að læra. Fram kom að sumir kennarar höfðu áhyggjur af neikvæðum athugasemdum í kennslukönnunum og eru jafnvel hættir að lesa yfir niðurstöður þeirra – sem kemur í veg fyrir gagnlegar endurgjafir (sjá Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2022). Fram komu meginleiðir til að vinna með gæðaviðmið og styðja við gæði náms: *Sífelld þróun og umbótastarf og hlúa þurfi að öfluglu námssamfélag*. Í erindinu verður fjallað nánar um niðurstöður og þýðingar þeirra.

## IV. UMRÆÐUR

Kennarar telja að gæði háskólanáms byggja á jafnvægi á milli fræðilegra og hagnýtra þátta, þar sem nemendur þroska bæði gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð (Breslin, 2021). Þörf sé að draga úr neytendasjónarmiði menntunar en mismunandi sýn á merkingu þess að „menntast“ mátti sjá hjá viðmælendahópum líkt og hjá Dicker o.fl. (2019). Kennarar leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti sem endurspegla breyttar þarfir nemenda og tækniframfarir. Á sama tíma takast þeir á við aukið vinnuálag og áskoranir tengdar tækninýjungum sem auka kröfur um að þeir aðlagi kennsluhætti að síbreytilegum aðstæðum (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2020; Jónína Helga Ólafsdóttir og Ásta Möller, 2017).

Þrátt fyrir að nemendur vilji sveigjanleika, telja kennarar skýrar kröfur nauðsynlegar til að viðhalda gæðum og stuðla að námsárangri. Kennarar eru að reyna að finna jafnvægi milli þess að koma til móts við þarfir nemenda og að viðhalda þeim kröfum sem nauðsynlegar eru til að tryggja djúpa fræðilega tengingu við námið. Niðurstöðurnar sýna að samvinna og samtal innan námssamfélagsins séu mikilvæg til að efla gæði háskólanáms (Tormey, 2021). Virðing, traust og jafnvægi milli náms og annarra skuldbindinga skipta sköpum fyrir gæðanám (Hildesheim og Sonntag, 2020).

Til þess að viðhalda gæðum í háskólanámi í síbreytilegu samfélagi er mikilvægt að styrkja gæðamenningu sem styður við samræður og samstarf. Kennarar, nemendur og stjórnendur þurfa að ræða inntak menntunar og hlutverk sín, tryggja að háskólanám standist bæði alþjóðleg viðmið og uppfylli þær væntingar sem lögð eru til þess. Sameiginleg ábyrgð er mikilvæg til að tryggja stöðuga þróun og að nám geti verið umbreytandi veganesti fyrir nemendur á öllum sviðum lífs þeirra (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Háskóla-stjórnendur þurfa að stuðla að umhverfi þar sem kennarar eru í stakk búnir til að sinna fjölbreyttum kröfum, án þess að skerða gæðin.

## TILVÍSANIR

- Bendermacher, G. W. G., oude Egbring, M. G. A., Wolfhagen, H. A. P., Leppink, J. og Dolmans, D. H. J. M. (2019). Reinforcing pillars for quality culture development: A path analytic model. *Studies in Higher Education*, 44(4), 643-662.
- Breslin, D. (2021). Darwin, evolution, and compassion in the 21st-century university. Í K. Waddington (ritstjóri), *Towards the compassionate university: From golden thread to global impact* (bls. 39-52). Taylor & Francis Group.
- Dicker R., Garcia, M., Kelly, A. og Mulrooney, H. (2019). *What does 'quality' in higher education mean? Perceptions of staff, students and employers*. *Studies in Higher Education*, 44(8), 1425-1441.
- Guðmundur Heiðar Frímansson o.fl. (2022). Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjórnarmið háskólakennara á Íslandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 18(1), 139-164
- Guðrún Geirsdóttir, Marco Solimene, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Tamar Heijstra. (2020). Surfing a steep learning curve: Academics' experience of changing teaching and assessment due to COVID-19. *Sérrið Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*.
- Hildesheim, C. og Sonntag, K. (2020). The quality culture inventory: A comprehensive approach towards measuring quality culture in higher education *Studies in Higher Education*, 45(4), 892-908.  
<http://doi.org/10.1080/03075079.2019.1672639>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Excellence, innovation, and academic freedom in university policy in Iceland. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 9(1), 79-99.  
<https://doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.1.4>
- Jónína Helga Ólafsdóttir og Ásta Möller. (2017). Brugðist við ábendingum um álag og streitu meðal starfsfólks Háskóla Íslands. *VIRK: Ársrit um starfsendurhæfingu 2017*, 58-61.
- Mintz, B. (2021). Neoliberalism and the crisis in higher education: The cost of ideology. *American Journal of Economics and Sociology*, 80(1), 79-112.
- Novakovic, Y. (2019). Researching longstanding graduates: Towards an enriched concept of the value of higher education. *Cambridge Journal of Education*, 49(6), 757-770.
- Quality board for Icelandic higher education. (2017). *Quality enhancement handbook for Icelandic higher education* (2. útgáfa). Rannís.  
<https://qef.is/assets/QEF2-Handbook-for-website.pdf>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir. (2022). Tækifæri eða tálsýn? Kennslukannanir og annað mat á gæðum náms og kennslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir. „Gott nám er eitthvað sem hvetur mann til þess að vaxa“ – Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu í háskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2024/4>
- Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (ESG). (2015). [https://www.enqa.eu/wp-content/uploads/2015/11/ESG\\_2015.pdf](https://www.enqa.eu/wp-content/uploads/2015/11/ESG_2015.pdf)
- Tormey, R. (2021). Rethinking student-teacher relationships in higher education: A multidimensional approach. *Higher Education*, 82, 993-1011.
- Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir. (2019). Þrástef, þagnir og mótsagnir um lýðræðislegt hlutverk íslenska háskóla. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 15(2), 183-204.  
<https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.3>